

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við  
setningu Jafnréttisdaga. Haldið á stóra sviðinu í Háskólatorgi  
mánudaginn 9. október 2017 kl. 12.**

Góðir gestir. Ég býð ykkur öll velkomin til þessarar setningar  
Jafnréttisdaga Háskóla Íslands 2017.

Jafnréttisdagar voru fyrst haldnir við Háskóla Íslands árið 2009 og  
eru þeir því nú haldnir í níunda sinn og hafa fyrir löngu öðlast fastan  
sess sem árlegur viðburður í háskólasamfélaginu. Jafnréttisdagar  
hafa vaxið og eflst ár frá ári og munu þeir nú standa yfir í 12 daga  
eða allt til 20. október. Á Jafnréttisdögum eru jafnréttismál skoðuð  
í sinni víðustu mynd – í tengslum við fjölbreytileika, femínisma,  
forréttindi, þöggun og vald og mismunun, svo nokkuð sé nefnt.

Dagskráin er að venju glæsileg og verður boðið upp á hátt í 20  
viðburði sem fjalla um jafn fjölbreytt viðfangsefni og kynbundið  
ofbeldi og ábyrgð stofnana, sálrænar afleiðingar takmarkaðs  
aðgengis fyrir fatlaða, stöðu kynjanna í íslenskum tónlistarheimi og  
hugtök og heiti sem tengjast kynseginleika og kynjajafnrétti í  
framhaldsskólum landsins. Þá hefur verið sett upp sýning um  
kynlaus salerni, sem opnar hér á eftir, og haldin verður vinnustofa  
um líkamsvirðingu og fitufordóma fimmtudaginn 12. október nk.

þar sem nýsjálenski fræðimaðurinn og aktivistinn Cat Pausé flytur erindið „What's size got to do with it? Bodies, Fatness, and Fairness“.

Á Jafnréttisdögum er að vanda blandað saman fræðum og fjöri og er fjallað um málefnið með formlegum hætti um leið og slegið er á léttu strengi með tónlistaratriðum og uppistandi. Lýkur dagskránni með veglegu lokapartíi föstudaginn 20. október nk.

Segja má að grunnstefið í Jafnréttisdögum sé að setja ríkjandi hugmyndir um normið, hið viðtekna eða „eðlilega“ annars vegar og um hið frábrugðna, óvenjulega og „óeðlilega“ hins vegar undir smásjá. Tilgangurinn er að auka sýnileika jafnréttismála, virkja fólks til þátttöku og opna augu okkar fyrir nýrri þekkingu sem frelsar okkur úr viðjum vanans og hlekkjum hugarfarsins.

Ég vil nefna að jafnrétti er eitt af þremur gildum í starfi Háskóla Íslands samkvæmt stefnu hans 2016-2021, HÍ21.

Ég vil að lokum þakka öllum þeim sem tekið hafa þátt í undirbúningi Jafnréttisdaga fyrir þeirra framlag til þess gera úr garði jafn glæsilega dagskrá og raun ber vitni. Of langt mál er að telja þá alla upp hér, en rétt er að geta þess að síðustu árum hafa Jafnréttisdagar verið samstarfsverkefni allra íslensku háskólanna.

Góðir gestir, ég segi Jafnréttisdaga 2017 setta og óska okkur öllum þess að við megum hafa gagn og gaman af dagskrá þeirra næstu tólf daga!